

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. febrúar 2015  
2015010024/42-0  
LÁ, KJ, TB  
jgo/tb

### Vatnstaka í Vatnsendakrika, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 14. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um annars vegar umsókn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og hins vegar Vatnsveitu Kópavogs (VK) á aukinni vatnsvinnslu framangreindra aðila í Vatnsendakrikum í Heiðmörk. Verði veitt leyfi til aukinnar vatnstöku verður samantlagt vatnsmagn sem tekið er á svæðinu rúmlega 20 milljón rúmmetrar á ári.

Vatnsendakrikar eru vatnsverndarsvæði í svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Tekið er undir álit Orkustofnunnar að skoða þarf nýtingarleyfi Vatnsveitu Kópavogs og Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrikum sem eina heild þar sem um er að ræða vatnstöku úr sama grunnvatnsstraumi og sömu auðlind. Fyrir liggja umsóknir frá OR um nýtingarleyfi fyrir aukningu á vatnsvinnslu úr 90 l/s í 300 l/s og frá Vatnsveitu Kópavogs úr 210 l/s í 350 l/s. Árið 2012 dældi OR upp að meðaltali 163 l/s í Vatnsendakrikum, en Vatnsveita Kópavogs um 203 l/s að meðaltali. Opinberar tölur sýna að vatnstaka á svæðinu er meiri en núverandi nýtingarleyfi segir til um.

Í ákvörðunum Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 10. desember 2014 stendur:  
*„Heildarvatnstaka í Vatnsendakrikum hefur verið um 400 l/s en verið að stefna í 650 l/s samantlagt sem gera 20,5 milljónir m<sup>3</sup>/ári. Vinnslugeta OR verði eftir virkjun holanna þriggja um 800 l/s. Samanlögð vatnstaka gæti því mögulega farið í 1150 l/s eða í um 36 milljónir m<sup>3</sup>/ári.“*

Ef eingöngu er litið til heildarvatnstöku í Vatnsendakrikum og/eða þeirrar aukningar sem sem OR og VK sækja um væri nýtingarleyfi fyrir vatnstöku í Vatnsendakrika háð mati á umhverfisáhrifum skv. 13. tölulið í 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sem miðast við 10 milljónir m<sup>3</sup>/ári. Skipulagsstofnun hefur hins vegar með úrskurði dagsettum 10. desember 2014 ákveðið að framkvæmdir OR og VK skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum þar sem þær, hver fyrir sig, eru ekki taldar líklegar til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og þá m.a. tilgreint að grunnvatnslækkun muni ekki hafa áhrif á t.d. gróðurfar á yfirborði þar sem mjög djúpt er á grunnvatn. Einnig er tekið tillit til



Þess að vatnstaka hvors aðila fyrir sig (aukin vatnstaka) er undir viðmiðunarmörkum skv. 1. viðauka framangreindra laga. Skipulagsstofnun tekur sérstaklega fram í úrskurði sínum að ekki sé heimit að veita leyfi fyrir meiri vinnslu heldur en OR og VK hafa sótt um og lokið hefur málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki heppilegt, í þessu tilfalli, að viðmiðunarmörk 1. viðauka skuli ekki gilda, heildar vatnstaka, en frekar litið til fjölda framkvæmdaraðila. Gera má ráð fyrir að í mati á umhverfisáhrifum yrði að skoða mun betur heildar vatnstöku á svæðinu og setja um hana skilyrði þ.e. m.t.t. núverandi og framtíðar notkunar, þolmarka svæðisins, mengunar, mótvægisáðgerða, áhrifa á alla notendur sömu auðlindar og vöktun og rannsóknir til framtíðar.

Verkfræðistofan Vatnaskil (2013) hefur metið áhrif aukinnar vinnslu í Vatnsendakrika og notað til þess grunnvatns- og rennislíflíkan fyrir höfuðborgarsvæðið. Um vandaða úttekt er að ræða þar sem reiknilíkanið er endurskoðað árlega og bætt miðað við öll tiltæk gögn. Reiknilíkanið byggir á núverandi vinnsluholum í Vatnsendakrikum. Þegar um svo dýrmæta auðlind er að ræða sem neysluvatn höfuðborgarsvæðisins er umhugsunarvert hvort ekki sé full þörf á að efla enn frekar grunnvatnsrannsóknir á svæðinu og gera t.d. kröfu um, í leyfi, að fjölga rannsóknarborholum utan núverandi nýtingarsvæðis og fylgjast einnig með vatnsborðsbreytingum á lindasvæðum og stöðuvötnum höfuðborgarsvæðisins s.s. Elliðavatni, Urriðakotsvatni og Hvaleyrarvatni.

Ein af megin niðurstöðum úr könnunum á áhrifum aukinnar vatnstöku í Vatnsendakrikum eru áhrif á grunnvatnshæð. Aukin vatnstaka í Vatnsendakrikum úr 400 l/s í 700 l/s mun m.a. hafa áhrif á grunnvatnshæð í Kaldárbotnum. Þetta mun verða til þess að Vatnsveita Hafnarfjarðar mun þurfa að notast við dælubúnað í framtíðinni, en á lindasvæði Vatnsveitu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum hefur verið sjálfrennandi vatn síðan 1918. Í þeim gögnum sem fylgja með erindi Orkustofnunar eru ekki lagðar fram neinar lausnir á því vandamáli sem kann að skapast í vatnsbóli Hafnarfjarðar. Vandamálið er viðurkennt og hugmyndir um lausnir reifaðar. Þetta sýnir að þörf er á að skoða vatnstöku á Höfuðborgarsvæðinu í heild m.t.t. til skynsamlegrar nýtingar á vatnsauðlindinni. Varla getur talist eðlilegt að lausn á vanda eins/tveggja bæjarfélaga eigi að skapa vandamál hjá því þriðja.

Í umsókn OR um heimild til nýtingar á köldu vatni í Vatnsendakrikum og í skýrslu Arndísar Óskar Ólafsdóttur (2013) kemur fram að svæðið geti nýst sem varavatnsból höfuðborgarsvæðisins ef mengunarslys verður á öðrum svæðum s.s. við Gvendarbrunna, Jaðarssvæði eða í Heiðmörk. Þá hefur OR sett fram „Úrhellis- og hlákuáætlun“ vegna jarðvegsgerla sem finnast árstíðabundið í grynri neysluvatnsborholum, sérstaklega á Gvendarbrunnasvæðinu. Vegna þessa eru dælur í nokkrum borholum stöðvaðar í sex mánuði á ári. Í slíkum tilfellum er ljóst að vatnstaka í Vatnsendakrika mun verða umfangsmeiri og hafa víðtækari áhrif á grunnvatnshæð svæðisins. Varavatnsból höfuðborgarsvæðisins að Vatnsendakrikum er umhugsunarvert vegna nálægðar þess við Gvendarbrunna. Ekki er farsælt að hafa bæði nýtingar- og varavatnsból á sama svæði. Nauðsynlegt er að gera ítarlega úttekt á svæðinu með tilliti til mengunar, verndar og nýtingar.

Framtíðarsýn:

Vernd og nýtingu á vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins þarf að meðhöndla sem eina heild þar sem um sameiginlega auðlind er að ræða.



Endurskoða þarf mörk vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins með tilliti til framkvæmda og mengunar.

Fylgjast þarf betur með því vatnsmagni sem dælt er upp af svæðinu.

Afmarka þarf varavatsnból höfuðborgarsvæðisins sem væri óháð grunnvatnsstreymi núverandi vatnsbóls.

Efla þarf grunnvatnsrannsóknir til að fá fram raunhæfa mynd af grunnvatnskerfi höfuðborgarsvæðisins með tilliti til verndar og nýtingar. Þá þarf að rannsaka áhrif brotakerfis (þ.e. sprungur og misgengi í berggrunni) á grunnvatnsstreymi svæðisins.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

